

12. maí 1975.

393

Nr. 200.

## REGLUGERÐ

um takmarkaða heimild til hringnótaveiða.

### 1. gr.

Þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með hringnót eru bannaðar.

### 2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið veitt sérstök leyfi til þorsk- og ufsaveiða með hringnót bátum undir 55 smálestum, á veiðisvæði, sem markast að vestan af línu réttvísandi norður frá Siglunesi og að austan af línu réttvísandi austur frá Langanesi. Ráðuneytið getur bundið leyfin þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

### 3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 71 18. apríl 1974, um bann við þorsk-, ýsu- og ufsaveiðum með nót.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 12. maí 1975.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón B. Jónasson.*

22. maí 1975.

Nr. 201.

## AUGLÝSING

um hækkun raforkuverðs í smásölu sbr. reglugerð nr. 112/1968.

Ráðuneytið hefur heimilað Rafmagnsveitum ríkisins hækkun smásöluverðs seldrar raforku skv. gildandi gjaldskrá um 5,5% + 10% frá og með 1. júní 1975.

*Iðnaðarráðuneytið, 22. maí 1975.*

**F. h. r.**

**Árni Snævarr.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

B 50